



BOLUNGARVÍK

Bolungarvík, 10.febrúar 2021

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Umsögn Bolungarvíkurkaupstaðar um þingskjal 625 — 418. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.)

Bolungarvíkurkaupstaður lýsir yfir ánægju með framkomið frumvarp og þær nýjungar sem þar koma fram. Mikilvægt er að skýra lagalegan grundvöll fyrir ráðstöfun þessara aflaheimilda og setja fram skýra framtíðarsýn um hvernig þessi verðmæti eru nýtt til að tryggja hlutverk sjávarútvegs í byggðarfestu á landsbyggðinni.

Mikilvægi frumvarpsins er afar mikilvægur þar sem kemur fram skýr vilji löggjafans til að þau byggðarlög sem misst hafa aflaheimildir og störf vegna verulegrar samdráttar í útgerð á handbeitta línu. Löng hefð er fyrir að byggðarlög fái bætur fyrir umfangsmiklar breytingar á útgerðaháttum sem leggjast á byggðarlög á stuttum tíma með tilheyrandi atvinnumissi fólks. Það er óumdeilt og kemur m.a. fram í skýrslu RR Ráðgjöf sem unnin var fyrir Samtök sjávarútvegssveitarfélaga að mikil fjöldi starfa í sjávarútvegbyggðum hefur tapast vegna samdráttar í útgerð sem gerir út á handbeitta línu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bætur vegna samdráttar í línuvinnun dragist hægt og rólega saman og falli að öllu leiti niður 10 árum eftir að þessi tegund útgerðar hættir í viðkomandi byggðarlagi. Því er um að ræða tímabundna aðlögun að breyttum útgerðaháttum sem er skynsamleg, sanngjörn og gegnsæ leið fyrir viðkomandi byggðarlag til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum.

Bolungarvíkurkaupstaður bendir á nokkur tilefni til að skýra lagatextan í frumvarpinu.

- **15.gr. e. Línuvinnun (hlutfall línuvinnunar)**

Hlutfall Línuvinnunar er 8,5% í frumvarpinu og minnkar úr 10,92% frá þeirri útgáfu sem var lögð fram í samráðsgátt. Ekki er gert nægilega grein fyrir þessari breytingu og hvers vegna þetta hlutfall er lækkað. 10,92% var þegar umtalsverð minna hlutfall en þegar horft er til 10 ára meðaltals og ótækt að slíkt sé skert enn frekar án þess að til komi sterkari rök.

- **15.gr. e. Línuvinnun**

Það er skilningur Bolungarvíkurkaupstaðar að samkvæmt þessari grein verði ónýtt úthlutun Línuvinnunar, samkv. 15.gr.a., færð sem almennur byggðarkvóti og verði úthlutaður óskiptur á sama byggðarlag. Það er mikilvægt að þessi skilningur komi skýrt fram í lagatextanum.

- **15.gr.g. Tilraunaverkefni til byggðapróunar**

Hér er um að ræða afar áhugaverðan kafla í lögnum sem byltir möguleikum sveitarfélaga til nýtingu þeirra aflaheimilda sem til þeirra er úthlutað samkvæmt lögnum. Afar mikilvægt er að umfang, umsýsla og eftirlit með þessum tilraunaverkefnum sé skýr. T.d. með því að skýra í lagatextanum hvernig verkefni koma til greina til að auka fjölbreytni atvinnulífs og hvort verkefni þurfi að vera innan hefðbundins sjávarútvegs.

Það liggur fyrir að Bolungarvíkurkaupstaður hefur þegar misst yfir 80% þeirra starfa sem hafa

verið til staðar vegna línuívilnunar og allar lýkur eru á að síðasti balinn í Bolungarvík verði beittur á þessu ári. Þess vegna horfir Bolungarvíkurkaupstaður til þessara tilraunaverkefna til að skapa ný, sjávar tengd, störf í þeirra stað. Mikilvægt er að takmarka ekki möguleika sveitarfélaga til að skapa ný störf í nýjum heimi.

Heilt yfir er framkomið frumvarp af hinu góða og þær breytingar sem þar koma fram á meðferð og úthlutun atvinnu- og byggðakvóta munu auka skilvirkni, gegnsæi og verðmæti verkefnisins í heild sinni.

f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar

Jón Páll Hreinsson, bærarstjóri